



Skýrsla stjórnar fyrir 2024-2025



Nóvember 2025

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Aðalfundur 2024 og stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2024 var haldinn 14. nóvember 2024, í fundarsal Skógræktarfélags Íslands og í fjarfundi.

Úr stjórn átti að ganga Hraundís Guðmundsdóttir. Var hún tilbúin að víkja til hliðar. Björk Kristjánsdóttir, sem verið hafði varamaður, var tilbúin að koma inn í aðalstjórn og Hraundís var til í að vera varamaður. Þar sem ekki komu fram fleiri framboð voru þær sjálfkjörnar. Fyrir í stjórn voru Ragnhildur Freysteinsdóttir og Sigríður E. Elefsen. Sem skoðunarmaður reikninga var kosin Hrefna Einarsdóttir og til vara Anna Soffía Óskarsdóttir. Stjórn skipti með sér verkum á þá leið að Ragnhildur er formaður, Sigríður gjaldkeri og Björk ritari.

Fyrir fundi lá tillaga um lagabreytingu á 5. gr. laga félagsins. Þar sagði: *Hver stjórnarmaður sitji að hámarki 3 kjörtímabil í senn*. Tillagan laut að því að fjölga kjörtímabilum í 4. Var hún samþykkt einróma eftir nokkrar umræður.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

- Boðið var upp á kvöldgöngu í Hamrahlíð í Mosfellsbæ í maí, þar sem heimakonur frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar tóku á móti, kynntu skógin og leiddu stutta göngu í blíðskaparveðri. Endað á hressingu.
- Boðið var í heimsókn til Hallormsstaðar í júní þar sem Bergrún Arna Þorsteinsdóttir aðstoðarskógarvörður tók á móti gestum. Hallormsstaðaskóli var heimsóttur og fengin kynning á sjálfbærninámi sem þar er boðið upp á. Síðan var haldið út í skóg undir leiðsögn Þórs Þorfinnssonar skógarvarðar.
- Skógarkonur eru meðlimir WOFO – Women in Forestry International og er núverandi formaður félagsins ritari stjórnar WOFO. Aðalfundur samtakanna var haldinn í Reykjavík þann 10. október og stóð félagið, í samstarfi við WOFO, fyrir alþjóðlegri ráðstefnu honum tengda dagana 10.-11. október undir yfyrskriftinni Growing Together: Women, Forests, and a Sustainable Future. Fyrri daginn voru fyrirlestrar en þann seinni var farið í vettvangsferð þar sem Skógræktarfélag Árnesinga var heimsótt að Snæfoksstöðum í Grímsnesi, Land og skógur heimsótt í Haukadalsskógi og hugað að Furulundinum á Þingvöllum, þar sem upplýsingafulltrúi Þingvallalþjóðgarðar tók á móti hópnum. Töluverður tími stjórnar, sérstaklega formanns, fór í undirbúning ráðstefnunnar. Í heild mættu á sjötta tug þátttakenda frá 13 löndum á ráðstefnuna, þar á meðal frá Mongólíu! Ráðstefnan tókst í alla staði vel og var almenn ánægja með hana meðal þátttakenda eða eins og sagði í pósti frá einum þátttakanda eftir ráðstefnuna: „...thank you for organising one of the best conferences I have ever attended“.
- Skógarkonur hafa verið hluti tengslanets norrænna skógarkvennafélaga - Nordiske skogskvinner og stóðu Skógarkonur meðal annars fyrir ráðstefnu á vefnum í apríl 2024 undir hatti tengslanetsins. Nú er komið að Finnlandi að vera gestgjafar ráðstefnu norrænu

félaganna og er hún fyrirhuguð í Vasa í Finnlandi dagana 25.-26. september 2026 undir yfirskriftinni „Framtidens skogsbruk- utmaningar och möjligheter. En mötesplats för kvinnliga skogsägare och yrkesverksamma inom skogsnäringen“ (Skógrækt framtíðarinnar – áskoranir og tækifæri. Fundarstaður kvenna sem eiga skóg og starfa í skógræktargeiranum).

Annað

Einföld vefsíða er til fyrir félagið, unnin í Wordpress. Slóðin er: <https://skogarkonur.org/>

Svipmyndir úr starfinu:

Heimsókn í Hallormsstað



Kvöldganga í Hamrahlíð



WOFO ráðstefna

